

Frá leikfélaginu Verðandi um sýningu sem verður sett upp í mars 2020 í FG:

Karl Ágúst Úlfsson (Spaugstofan, Harry og Heimir...) er leikstjóri verksins og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson (Ávaxakarfán, Todmobile, Gosi) semur og sér um tónlistina. Söngleikurinn í ár heitir REIMT. Það er frumsamið verk eftir þá sem þeir unnu að fyrir þó nokkuð mörgum árum eftir að þeir kynntust við uppsetningu verksins Gosi sem sýnt var í Borgarleikhúsinu árið 2007. Dæmi um annað verk sem þeir hafa unnið að er t.d. Gulleyjan sem sýnd var árið 2012. Verkið snýst um tvo leikara á eftirlaunum sem láta platast í það að kaupa gamalt sveitahótel sem þeir ætla að gera upp og bjóða ferðamönnum á. Þeir komast brátt að því þeir voru plataðir, göng voru nýbyggð rétt hjá sem gerir veginn sem liggur að hótelinu óþarfi. Til að bæta gráu ofan á svart kemur í ljós að hótelið er líka reimt. Allt virðist ómögulegt þangað til að túristar byrja að streyma að hótelinu og síminn hættir ekki að hringja. Allir, fólk frá öllum heiminum, vilja upplifa draugaganginn. Eftir það lenda leikararnir í allskonar ævintýrum, sú sem svindlaði á þeim vill ná hótelinu aftur, starfsfólkið er með vott af geðveiki og draugurinn hræðir líftórana úr hverjum sem sjá hann.

Heildarkostnaður sýgnarinnar er rúmlega 4.3 milljónir. Frumsýning verður 6. mars og gerum við ráð fyrir sýningum að minnsta kosti hverja helgi eftir það fram að páskum, e.t.v. fimmtudaga og föstudaga líka. Það er enn smá í loftinu hvenær þær verða nákvæmlega og því getum við aðlagð það að óskum ykkar (varðandi heimsóknir 10. bekkinga) ef þær eru einhverjar (:

Að lokum má nefna að Brynhildur Karldóttir, dóttir Karls leikstjóra, mun taka að sér dans og „kóreógraffíu“ fyrir verkið, en hún er nýútskrifuð af sviðhöfundabraut í LHÍ. Þetta er einstakt tækifæri fyrir nemendur að taka þátt í alvöru, atvinnuleikhúsi og vinna með svona fagfólki. Þá er ég ekki að tala bara um leikaranna eða dansarana, heldur líka ljósamennina, búningadeildina, smikið, sviðsmyndagerð og allt sem tengist uppsetningu sýninga.